



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 332

Pétur Guðfinnsson

(1899-1985)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 332

Pétur Guðfinnsson
(1899 - 1985)

Edda Hermannsdóttir, tengdardóttir Péturs gaf Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjölin.

Pétur Guðfinnsson fæddist á bænum Fossi í Vesturhópi, Vesturhúnavatnssýslu, 13. febrúar 1899. Foreldrar hans voru Guðfinnur Gíslason bóndi, og kona hans Hólmfríður Marsibil Andrésdóttir. Þau áttu 5 börn: Pétur bifreiðastjóra; Karl bónda í Húnavatnsýslu og síðar í Hnaus í Villingaholtshreppi í Flóa, en þá jörð átti Pétur; Una, dó ung; Ingvar og Jóhannes lögfræðing, sem vann lengi hjá B. S. R. B.

Pétur fór ungur að heiman og vann til dæmis á Korpúlfsstöðum og Vífilsstöðum. Hann tók bílpróf 1925 og varð vörubílaakstur starf hans upp frá því, og eignaðist hann sinn eigin vörubíl 1927.

Pétur gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir stétt sína, var gjaldkeri hjá Vörubílstjórafélaginu Þrótti um áraradír, og einnig gegndi hann formennsku og framkvæmdastjórn um skeið. Hann hafði umsjón með byggingu stórhýsis Þróttar við Borgartún og þar áður byggingu Þróttar við Rauðarárstíg. Pétur gegndi einnig starfi ritara hjá Landssambandi vörubifreiðastjóra um langt árabíl. Hann var kjörin heiðursfélagi Þróttar. Hann starfaði einnig við Vörubílastöðina í Reykjavík.

Pétur eignaðist 4 börn: Guðfinn vélstjóra; Karl Hafstein bifreiðastjóra og bónda; Pétur Hafstein bifreiðastjóra og Unu sölukonu hjá Glóbus h.f. Sambýliskona Péturs var Guðbjörg Guðmundsdóttir úr Reykjavík, og bjuggu þau alla tíð á Freyjugötu 32 í Reykjavík.

Pétur byggði húsið við Freyjugötu 32 og bjó þar til dauðadags. Áður bjó Pétur á Grettisgötu 69 sem hann byggði einnig.

Skjölin eru úr hans safni, aðalega fylgiskjöl og bréf, byggingapappírar o.fl.
Pétur lést 10. mars 1985.

Skjalaskrá

Bréfa- og málafn 1926-1954, (mest 1926-1935).

Sendibréf 1926-1927.

Byggingarleyfi fyrir Grettisgötu 69 frá 12. september 1929 og

Freyjugötu 32 frá 6. nóvember 1931 o.fl.

Skjöl er varða Grettisgötu 69, Bergþórugötu 51 og

Freyjugötu 32 og fleiri húseignir og lóðamál.

Skjöl er varða störf hans hjá Vörubílstjórafélaginu Þrótti og

Vörubílastöðinni í Reykjavík

Ýmis fylgiskjöl, fasteignagjaldaseðlar, útsvarsgreiðslur, skuldabréf, kröfur o.fl.

Með einkaskjalasöfnun 334 og 341 í öskju.

*Skráð í júlí 2007,
Guðjón Indriðason*